



367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Ársskýrsla 2010

Inngangur

Undirritaður tók við starfi skólameistara 1. apríl 2010 í framhaldi af miklum samskiptaörðugleikum á milli fyrrverandi skólameistara og stórs hluta stafsmanna FSN. Óánægja nemenda birtist m.a. í breytingum á stundaskrá, hámarks einingafjölda á önn og öðru slíku. Megin verkefnið sem ég var beðinn að taka að mér var að bæta starfsandann, skapa meiri sátt og eyða óvissu um framtíð skólans. Í framhjálaupi var minnst á það að skólinn ætti við viðvarandi rekstarahalla að stríða sem í lok árs 2009 var um 32 m.kr.

Áherslur

Nemendur

Allir nemendur sem sóttu um nám í FSN á árinu 2010 voru teknir inn. Við FSN er hægt að stunda nám í sérdeild, á almennri braut og brautum til stúdentsprófs. Einungis um 30 nemendur ljúka stúdentsprófi frá FSN á ári en innritaðir nemendur hafa verið frá 167 árið 2009 niður í 108 árið 2010 en þess ber að geta að margir nemendur hafa stundað dreifnám frá FSN og þeir eru oft að taka ekki nema einn eða tvo áfanga á önn. Þar sem stúdentsprófið er eina lokaprófið þá má leiða að því líkur að hluti nemenda kýs að sækja í aðra framhaldsskóla eftir t.d. tveggja ára nám þar sem þeir stefna á nám sem ekki er í boði við FSN, t.d. iðnám, eða að nemendur flosna upp úr námi vegna áhugaleysis eða námsörðugleika. Þó nokkur hópur útskrifaðra nemenda hafi lokið námi eftir þriggja eða þriggja og hálfis árs nám. Brottfallið er um 9% sem að stærstum hluta skýrist af áhugaleysi, námsörðugleikum eða uppgjöf þar sem nemandinn finnur ekki nám við hæfi og mistekst því aftur og aftur það sem hann ætlaði sér. Sá háttur hefur verið hafður hér á að gera samning við nemendur sem ekki ná viðunandi námsframvindu (9 einungum á önn) tvær annir í röð, þar sem kveðið er á um að nemandi fái eitt tækifæri til þess að taka sig á að öðrum kosti líti skólinn svo á að hann hafi sagt sig frá námi. Ferlið er unnið með foreldrum. Í könnunum sem eru unnar á hverri önn segjast yfir 90% nemenda líða mjög vel eða vel í skólanum. Kennarar og annað starfslið skólans leggur sig fram um að veita nemendum persónulega þjónustu, en kennsluáferðir og námsmat sem viðhaft er við skólans ýta undir einstaklingsmiðað nám. Uppákomur vegna agavandamála á skólatíma eru fáheyrð. Brot á skólareglum á skólaböllum eru mjög almenn þó svo að aðeins hluti þeirra sé tekinn fyrir af skólastjórnendum.

Foreldrafélag var stofnað við skólann 2009 en á aðalfundi þess 2010 sagði stjórnin af sér án þess að ný stjórn tæki við. Starf fráfarandi stjórnar einkenndist um of af því að vera með ókeypiss gæslu á skólaböllum. Skólinn hefur horfið frá því að leita til foreldra með gæslu og nú er leitað til björgunarsveitanna á Snæfellsnesi.

FSN er að vinna að því að komast í hóp heilsueflandi framhaldsskóla.

Fjöldi nemenda eftir brautum

Vorönn 2010

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
10. bk	10B	12
Almenn bóknámsbraut	ABB	9
Almenn braut	AB	55
Almenn braut - fornám	AF	8
Félagsfræðibraut	FÉ	70
Málabraut	MB	6
Náttúrufræðibraut	NÁ	49
Starfsbraut	ST1	7
Tölvufræðibraut	TFB	2
Viðskiptabraut	VI	2
Samtals		220

Fjöldi nemenda eftir brautum á haustönn 2010

Haustönn 2010

Heiti brautar	Skammstöfun brautar	Fjöldi nemenda
Almenn bóknámsbraut	ABB	5
Almenn braut	AB	50
Almenn braut - fornám	AF	3
Félagsfræðibraut	FÉ	83
Málabraut	MB	6
Náttúrufræðibraut	NÁ	56
Starfsbraut	ST1	7
Samtals		210

Nám

Að öllu því sem fram kemur í kaflanum um nám í óundirrituðum skólasamningi er verið að vinna í. Tölvubraut og viðskiptabraut hafa verið aflagðar og málabraut hefur vandræðalega fáa nemendur. Öryggis- og þjónustubraut til framhaldskólaprófs er í smíðum og það stýttist í að drög að brautinni verði lögð fyrir ráðuneytið til samþykktar eða synjunar. Vinnan við brautina hefur þróast í það að hægt er að meta flesta áfanga brautarinnar til stúdentsprófs kjósi nemandinn að halda þar áfram námi. Til þess að mæta þeim hópi sem ekki uppfyllir inntökuskilyrði á Öryggis- og þjónustubraut eða stúdentsprófsbrautir er almenn braut sem til stendur að auka umsjón og almennan stuðning á og fjölga verklegum áföngum. Við erum að velta fyrir okkur hvort nemendur eigi að útskrifast af almennri braut með framhaldsskólapróf eftir þrjár eða fjórar annir. Vinna er í gangi við að endurskipuleggja nám á fyrstu og annarri önn nýnema þar sem byggt verður á samstarfi tveggja kennara sem samþætta mismikið eftir aðstæðum en hugmyndin er að námið byggji fyrst og fremst á grunnþáttunum 5. Ef við fáum leyfi ráðuneytisins til þess að bjóða áfanga með breyttum áherslum þá væri það fyrsta skref

okkar til þess að innleiða nám í anda laga nr. 92/2008. Hugmynd okkar er að taka lítil skref í átt að innleiðingunni sem vonandi hvetur okkur til þess að halda áfram þessari vinnu. Allir nemendur með fötlun hafa fengið inni í sérdeildinni og það ríkir mikil ánægja með þau störf sem þar eru unnin. Dreifnámið er í þróun og þó nokkur munur er á því hvernig einstakir kennarar framkvæma það. Skólinn bindur vonir við að geta fjölgað dreifnemum á næsta ári. Comeniusar verkefnið Teen TV er farið af stað, en það er tveggja ára verkefni.

Kennsla

Tveir réttindalausir kennarar starfa við skólinn en þeir hafa báðir lokið BA/Bed námi, stefnt er að því að allir kennarar við skólann hafi kennsluréttindi. Kennslurýmið í skólanum býður ekki upp á að kennarar haldi langa fyrirlestra eða séu með mikla töflukennslu. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat. Nú er staðan sú að við skólann starfa kennarar sem vinna ekki alfarið á þennan máta og telja sig ná betri árangri með lengri innlögnum og/eða stórum lokaprófum. Það að allir gangi í takt og vinni út frá verkefnaíðuðum kennsluháttum er stefna skólans. Stærsti hluti kennara er að vinna undir þessum merkjum og þeir eru mjög stoltir af og fullkomlega sannfærðir um að þessar aðferðir nýtist nemendum vel bæði í áframhaldandi námi eða starfi. Nær allir kennarar skólans eru með einhverja dreifnemendur í námsverinu á Patreksfirði, sem flestir eru í fullu námi, eða dreifnemendur sem geta verið staðsettir hvar sem er en sá hópur er oftast að taka einn til þrjá áfanga á önn.

Stjórnun

Við FSN starfar skólameistari í fullu starfi, aðstoðarskólameistari í 75% starfi, námsráðgjafi í 70% starfi, deildarstjóri sérdeildar í fullu starfi með 10 fasta yfirvinnutíma á mánuði, deildarstjóri við framhaldsdeildina á Patreksfirði í 85% starfi, fjármálastjóri í fullu starfi, húsvörður í fullu starfi með 10 fasta yfirvinnutíma á mánuði og ritari í 80% starfi.

Unnið er að því að skerpa á stefnu skólans en hún hefur lítið verið endurskoðuð síðan skólinn hóf starfsemi sína haustið 2004. Vegna smæðar skólans er yfirleitt aðeins einn kennari í grein fyrir utan kjarnagreinarnar íslensku, ensku og stærðfræði þannig að titillinn deildarstjóri er ekki til við skólann. Samkvæmt stofnanasamningi skólans þá ber skólanum að kaupa 33 þætti af kennurum sem fer þá í að greiða fyrir vinnu við endurskoðun námsskrár, námsframboð, námsmat, leiðsögn með nýjum kennurum, innra mat, tengingu við nemendafélagið, forvarnir o.s.frv. Skerpa þarf á ferlum við þessa vinnu. Að meðaltali eru haldnir þrjú kennarafundir á mánuði þar sem allir hafa möguleika á að hafa áhrif á ákvarðanir og þróun skólastarfsins. Skólanefnd er kölluð saman ekki sjaldnar en tvisvar á önn og þar er nefndinni gerð grein fyrir því sem er í gangi á hverjum tíma. Nefndin er mjög virk og er skólameistara ómetanleg í störfum sínum. Fyrir utan fundina sendir skólameistari iðulega erindi eða fyrirspurnir á nefndina um einstök mál. Trúnaðarmaður fer yfir launasetningu allra nýrra kennara með skólameistara. Innra mat er framkvæmt á hverri önn þar sem alltaf er viðhorfskönnun meðal nemenda, um þriðjungur kenndra áfanga fer í kennslukönnun auk einstakra verkefna sem geta verið breytileg frá einni önn til annarrar. Samstarf við fyrirtæki og stofnanir er hafið í sambandi við vinnustaðanáms. Samstarf við grunnskólana á svæðinu er að taka á sig mynd en það hefur fram að þessu verið mest í því að bjóða grunnskólanemum byrjunaráfanga í kjarnagreinum á meðan þeir eru enn í þetta er ekki lengur í boði að neinu marki. Starfsmannastefnan hefur ekki verið unnin enn sem komið er. Stjórnendur leggja sig fram við að viðhalda góðum starfsanda. Starfsandinn er góður þrátt fyrir að mjög stór hluti kennaranna hafa lækkað umtalsvert í launum bæði vegna minni yfirvinnu og að launamódel sem hér var við lýði hefur verið tekið úr sambandi.

Fjármál, rekstur, aðbúnaður

Í upphafi árs 2010 var uppsafnaður rekstrarhalli FSN um 32 milljónir króna. Rétt er að taka fram að undirritaður hefur ekki enn fengið það til þess að ganga upp að ríkisstofnun með uppsafnaðar skuldir um 16% af fjárheimild ársins eigi að starfa að kröfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem Fjársýsla ríkisins greiðir út laun en fjármálaráðuneytið heldur fjárveitingum í annan rekstur eins og til dæmis húsaleigu hjá sér. Til þess að fá fjárframlög til rekstrar frá mánuði til mánaðar þarf rökstuðning og mikla já mjög mikla eftirfylgni þar sem rekstraráætlun 2010 var aldrei samþykkt. Til þess að lifa frá mánuði til mánaðar var brugðið á það óyndisúrræði að nota yfirdrátt í banka til þess að greiða húsaleigu, orkureikninga og annan rekstrakostnað sem skólinn hefur stofnað til og þannig hefur það verið um árábil. Þetta ástand er óviðunandi með öllu. Skólasamningur vegna 2010 hefur ekki verið undirritaður.

Reksturinn 2010 stefnir í að skila jákvæðri niðurstöðu miðað við fjárframlög til skólans. Í rekstraráætlun 2011 er gert ráð fyrir að rekstur skólans skili jákvæðri niðurstöðu sem nemi um 4 milljónum króna. Þessi spá byggir á því að skólanum takist að „framleiða“ upp í þann fjölda ársnema sem fjárlög 2011 byggja á en í dag er það líklega hæpið þar sem enn fækkar í árgöngum sem útskrifast úr grunnskólum á svæðinu. Nýting á hópastærðum hefur verið um 71% og 18 nemendur að meðaltali í hóp. Skólinn var byggður fyrir 180 nemendur og þar sem um 25 nemendur skólans eru á Patreksfirði þá má nýtingin á húsnæðinu í Grundarfirði ekki vera minni. Ef nemendum fækkar enn þá þarf að fækka kennarastöðum við skólann en yfirvinna við skólann hefur dregist verulega sama.

Samstarf við aðra

Formlegt samstarf við aðra á árinu 2010 var lítið en margt bendir til þess að það eigi eftir að aukast og þá er sérstaklega horft til samstafs framhaldsskólanna á Vesturlandi, grunnskólann á upptökusvæði skólans og nærsamfélagið. Samstarf við símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi hefur verið í því formi að við höfum verið að leigja þeim húsnæði og veita þjónustu því tengt, en að auki þá hafa nokkrir kennarar FSN kennt á námskeiðum símenntunarmiðstöðvarinnar.

Lokaorð

Í dag er margs konar óvissa um framtíð FSN. Heldur skólinn sjálfstæði sínu? Er vilji og raunhæfur möguleiki til mikils samstarfs við aðra framhaldsskóla? Verður samningur um rekstur framhaldsdeildar á Patreksfirði endurnýjaður? Getur skólinn boðið fjölbreytt nám við hæfi enn stærri nemendahóps?

Grundarfirði 3. Febrúar 2011

Jón Eggert Bragason

Skólameistari